

**MINNISBLAÐ****Viðtakandi:** Borgarráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs***Laus pláss og staða mönnunar í leikskólum Reykjavíkurborgar***

Miðað við 11. október 2022 er staða mönnunar sú að ennþá er eftir að ráða í 83 grunnstöðugildi í 67 borgarreknum leikskólum. Það sem af er hausti hefur verið nokkur starfsmannavelta, þ.e. starfsfólk staldrað stutt við í starfi og skýrir það að hluta af hverju mönnun hefur í heildina lítið breyst undanfarnar vikur.

Tafla 1. Staðan í ráðningum í leikskólum skipt eftir borgarhlutum 11. október 2022 – ómannaðar stöður


|           | Austurmiðstöð<br>(Árbær/Grafarholt/<br>Grafarvogur) | Norðurmiðstöð<br>(Laugardalur/<br>Háaleiti) | Suðurmiðstöð<br>(Breiðholt) | Vesturmiðstöð<br>(Vesturbær,<br>Miðborg/Hlíðar) | Samtals |
|-----------|-----------------------------------------------------|---------------------------------------------|-----------------------------|-------------------------------------------------|---------|
| Leikskóli | 25,5                                                | 18,5                                        | 13,0                        | 26,0                                            | 83,0    |

Miðað við 13. október 2022 er fjöldi lausra pláss 222. Af þessum plássum eru 187 laus vegna mönnunarvanda og 35 laus pláss vegna veltu á plássum milli leikskóla. Auk þessara 222 pláss a eru 227 pláss sem eru ónýtanleg, að mestu vegna húsnæðismála.

Tafla 2. Fjöldi lausra pláss í leikskólum 13. október 2022

|                  | Laus pláss vegna<br>mönnunarvanda | Veltupláss á milli<br>leikskóla | Samtals | Ónýtanleg pláss | Samtals<br>alls |
|------------------|-----------------------------------|---------------------------------|---------|-----------------|-----------------|
| Fjöldi pláss     | 187                               | 35                              | 222     | 227             | 449             |
| Fjöldi leikskóla | 22                                | 36                              | 58      | 9               | 67              |

Virðingarfyllt,

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs